

Allsherjarnefnd Alþingis
B.t. formanns
Sólveigar Pétursdóttur
150 Reykjavík


Alþingi
Eiðindi nr. Þ 116 /2028
komudagur 27/10 1993

Reykjavík, 26. október 1993.

Á 17. þingi Verkamannasambands Íslands, dagana 19. - 22. október, var samþykkt ályktun sem varðar hin nýju skaðabótalög nr. 50/1993. Ályktunin er hér meðfylgjandi og væntum við þess að hin nýju skaðabótalög verði tekin til endurskoðunar hið fyrsta.

Jafnframt væntum við þess að fullt tillit verði tekið til þeirra athugasemda sem fram koma í ályktuninni.

Virðingarfyllst,
f.h. Verkamannasambands Íslands.


Björn Grétar Sveinsson

ÁLYKTUN

Með hliðsjón af rökstuddri gagnrýni, sem fram hefur komið á reikningsgrundvöll nýrra skaðabótalaga, skorar 17. þing Verkamannasambands Íslands á Alþingi að taka löginn til endurskoðunar og breyta þeim þannig að ótvírætt sé að raunverulegt tjón tjónþola verði bætt eftir að rétt fjárhagsleg og félagsleg örorka hefur verið metin. Verkamannasamband Íslands getur aldrei sætt sig við að bætur til tjónþola, svo sem vegna vinnuslysa, séu skertar um allt að einn þriðja og tryggingafélögum hyglað á kostnað launafólks.